

Gunnhildur Bragadóttir

KVENNABARÁTTA Í DREIFBÝLI

Þegar ég sá dagskrána í fréttabréfinu brá mér í brún. Við ætluðum að tala um byggðamál. En í dagskránni stóð - kvennabarátta í dreifbýli.

En líkt og gömlu konurnar nýttu alla afganga tíndum við það sem nýtilegt var úr fyrri ræðu og reyndum að bera fram sæmilegan ábæti.

Í haust fórum við Kvennalistakonur í könnunarleiðangur í Norður-Þing.

Við ókum í gegnum Öxarfjörð þar sem svo til allt fé var skorið niður vegna riðuveiki.

Fórum í gegnum Þistilfjörð, sem líklega fer í eyði, ef stefnir fram sem horfir.

Og til þorpanna norður við Dumbshaf - Þórshafnar og Raufarhafnar og Kópaskers.

Þar byggist allt líf á fiski. Þessi svæði skila stórum hluta í þjóðarbúið.

Það er annars undarlegt að vera landsbyggðarkona og koma sem gestur til Reykjavíkur. Og þá vaknar spurningin á hverju lifa Reykvíkingar?

Við fyrstu sýn dettur gestinum í hug, að hér lifi fólk á því að selja hvað öðru, en auðvitað er fleira gert í höfuðborginni en að versla.

Og þá eru það byggingarnar, sem þjóta upp og þenja út borgina.

Mörgum finnst þeir sjái þar allt framkvæmdafé þjóðarinnar saman komið á einum stað.

En hvað sem því líður, þá er það gömul staðreynd að leggist allir út í annan borðstokkinn þá veltur báturinn. Eigum við að sporðreisa landið með því að flytja öll á sama landshornið?

Verður blómkrónan lengi falleg ef sorfið verður að rótum trésins?

Við erum stolt af höfuðborginni Reykjavík, en ratur hennar ná út um allt land.

Þróttmikið dreifbýli, þýðir þróttmikil höfuðborg. Því

ætti engin sveit að fara í eyði á Íslandi.

Fjöldi margt fólk út um allt land hefur bundist samtökum í félagsskap, sem kallar sig - Samtök um jafnrétti milli landshluta - og ekki verður rætt um byggðamál nema hugmyndir þeirra komi þar við sögu.

- Þessi samtök eru óháð öllum pólitískum flokkum og hafa það á stefnuskrá sinni að breyta og bæta þjóðfélagið.

Sagt er að um 70% af útflutningstekjum okkar verði til úti á landsbyggðinni en sé svo eytt í öfugu hlutfalli í höfuðborginni.

Annað er það að peningavöld sem eitt sinn voru úti á landi, eru nú inni í stofnunum í Reykjavík. - Það er ekki hægt að byggja hundakofa öðruvísi en sækja til þess leyfi inn í þessar stofnanir. Þetta er fjárhagsleg miðstýring. Og ekki er hin pólitíska miðstýring betri. Væri ekki rétt að fara að fyrirmynd lýðræðisþjóða í Evrópu, sem skipta löndum í einingar er ráða málum nokkuð sjálfar; og skipta landinu niður í fylki, - með sem jafnasta tekjumöguleika.

Fylkin gætu svo tekið við ákveðnum málaflokkum frá ríkinu, og þannig dreifðust völd, og ákvarðanir meira út til fólksins.

Og líklegt er að við myndum búa betur, ef við hugsuðum í smærri einingum.

Er furða þótt þær konur og menn, sem strita hörðum höndum við iðnað, sjávarafla og landbúnað vilji sjá ávexti iðju sinnar meira á heimaslóðum, í stað þess að fá peningana sína til baka í formi styrkja og þessháttar. Viljum við að byggðirnar fái að halda meiru af eigin aflafé ásamt ráðstöfunarrétti á þeim. Þannig nýtast fjármunir betur.

Þá skulum við flytja okkur aftur norður yfir heiðar. Og ígrunda um hvað kvennabarátta snýst út á landi. Líkt og annars staðar eru launamál mikilvæg. Úti á landi eru laun kvenna töluvert lægri enn í Reykjavík. Munurinn er minnstur í verslunar- og verkakvennastörfum. En fleira þarf að sýsla en vinna fyrir sér. Konur sjá enn um meiri hluta af húsverkunum. Þær hugsa um börnin og gamla fólkið. Þær sjá um að halda tengslin við ættingja og vini. Að ætla þeim í viðbót að hasla sér völl á stjórnmálasviðinu virðist manni ofraun.

Hvað er til ráða.

Fyrir fimm árum sátum við nokkrar konur norður á Akureyri og sömdum stefnuskrá Kvennaframboðsins á Akureyri. Við vorum hjartstýnar. Sáum fram á betri tíð með blóm í haga. Veturinn leið með mikilli vinnu og fundahöldum. Við komum tveim konum í bæjarstjórn og fengum konur í fjörutíu nefndir.

Okkar beið mikið starf í nefndum og ráðum. Til að byrja með var einnig þróttmikið starf í hreyfingunni. Líklega of þróttmikið. Því konum fór að fækka sem sóttu fundina. Þær fáu stundir sem aflögu voru notuðu þær í að sinna fjölskyldunni. Þegar ég horfi til baka sé ég að okkur gleymdist að næra jurtina. Ekki góð meðmæli með konum. En kvennabaráttan mælist ekki í árum. Hún mælist í öldum.

Gömlu konurnar kunnu að fela eldana, en þær kunnu líka að blása í glæðurnar.